



Sími: 91-671700
Fax: 91-673462
Kt.: 500683-0589

GREIÐSLUMIÐLUN HF, HÖFÐABAKKA 9, 112 REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 110

kornudagur 9 / 10 1992

Reykjavík, 6. október 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Berist: Rögnu Árnadóttur, ritara.

Umsögn um "Frumvarp til laga um neytendalán."

VISA ÍSLANDI - GREIÐSLUMIÐLUN hf. var með bréfi dags. 17. september s.l. sent til umsagnar frumvarp til laga um neytendalán, 14. mál. Meðfylgjandi er almenn umsögn um frumvarpið. Ákveðið var að fara ekki nákvæmlega í hverja grein fyrir sig, m.a. vegna þess að fjölmargir aðilar eru tilnefndir til umsagnar og þykir einsýnt að frumvarpið eigi eftir að taka verulegum breytingum áður en það verður að lögum. Að öðru leyti vísast einnig til umsagnar Verslunarráðs Íslands.

Inngangur:

VISA ÍSLAND hefur um langt skeið boðið korthöfum sínum (neytendum) og sölu- og þjónustuaðilum að notfæra sér sérstakt form lánessamninga, þ.e. "RAÐGREIÐSLUR VISA". Trúlega er nú um vinsælasta og jafnframt stærsta lánaflokk neyslulána hérlandis að ræða. Raðgreiðslubríf getur verið skuldabréf eða kaupsamningur með eignarréttar- fyrirvara, skv. núgildandi reglum til allt að 18 mánaða. VISA ÍSLAND sér um útreikning afborgana og vaxta, sem eru fastir eða breytilegir, en miðast almennt við meðalvexti Seðlabanka Íslands, færslu afborgunar ásamt vöxtum á reikingsyfirlit korthafa og að skila andvirðinu til söluaðila, eða ef bréfið hefur verið framselt, til viðurkennds fjármögnunaraðila.

Þá má geta þess að af hálfu VISA ÍSLANDS hefur verið kappkostað að búa þannig um hnúta, að söluaðilar legðu einungis við höfuðstól Raðgreiðslubrúfs stimpilgjald og lántökugjald.

Sú meginregla hefur gilt, að fái korthafi (neytandi) ekki þá vöru eða þjónustu, sem greitt var fyrir með raðgreiðslubrúfi innan 60 daga frá því að svo skyldi verða, getur hann rift kaupunum, óskað niðurfellingar frekari innheimtu og endurgreiðslu afborgana og kostnaðar. Þetta gildir einnig þótt upphaflegur söluaðili hafi framselt bréfið.

Reynslan sýnir, að neytendur hafa notið góðrar verndar við þær aðstæður að seljandi vöru eða þjónustu hefur ekki getað látið af hendi það sem til stóð. Það færi vel á því, ef fram kæmu reglur þar sem þessi sjónarmið, sem lúta beinlínis að neytendavernd yrðu lögfest. Áréttað skal að hér er einungis um rétt neytanda að ræða við fullkominn afhendingarrest, sem auðvelt er að sanna. Vardandi galla í vöru eru vandséð rök fyrir því að tengja slíkt sjálfu greiðsluforminu. Geti neytandi og söluaðili ekki sjálfir leyst þess háttar vandamál sín á milli verður væntanlega að leita til dómstóla án tillits til þess hvernig var greitt fyrir vöruna.

Almenn umsögn um frumvarpið:

Skiptar skoðanir geta verið um ýmis atriði í frumvarpinu og vantar nokkuð á, að til þess hafi verið vandað nægjanlega.

Gera má ráð fyrir að lögum um neytendalán væri ætlað að vernda neytendur vegna láns samninga sem gerðir væru milli aðila sem selja vörur eða þjónustu beint til neytenda með afborgunarkjörum. Slík lög, vandlega ígrunduð, hlytu að vera af hinu góða. Eðlilegt væri að neytendur ættu rétt á auðskiljanlegum og aðgengilegum upplýsingum um kostnað í afborgunarviðskiptum.

Við lestur þessa frumvarps kemur hinsvegar í ljós að höfundar þess hugsa lögnum mun víðtækara gildissvið og verður að telja varhugavert að ganga svo langt í lagasetningu um þetta efni.

Tilgangur setningar laga um neytendalán er, sbr. greinargerð með frumvarpinu, að fullnægja tilskipunum EB í tengslum við hugsanlega samninga Íslendinga um EES. Gengið er mun lengra en tilskipanir EB gera ráð fyrir og efni standa til. Svo virðist að höfundar frumvarpsins hyggist koma á lögum, með tilheyrandi refsiakvæðum, um ýmislegt sem telja verður langt utan raunverulegs tilgangs lagasetningar um neytendalán, en hann er að koma í veg fyrir mismunandi lög um þau í aðildarríkjum EB. Munur í lögum gæti leitt til röskunar á samkeppni lánveitenda innan bandalagsins og haft áhrif á frjáls þjónustu- og vöruviðskipti sem neytendur geta fengið á lánskjörum og þannig stangast beinlínis á við eitt af meginmarkmiðum EB.

Verði frumvarpið að lögum eins og það nú liggur fyrir er sýnt að það mun hafa verulega aukinn kostnað í för með sér fyrir íslensk fyrirtæki og rýrir án efa samkeppnisstöðu þeirra, öfugt við þann tilgang sem lagt var upp með. Ætla má að neytendur greiði þann kostnað að lokum.

Undarlegt má telja, að hugtakið "neytandi", sem reyndar kemur fram í heiti frumvarpisins og er skilgreint í því með víðari merkingu en hingað til hefur gilt í málvitund þjóðarinnar, er alls ekki notað í textanum, heldur er notast við hugtakið "lántakandi", sem hefur mun víðtækari merkingu. Þetta atriði meðal annarra gerir lagatextann ómarkvissari og flóknari að ástæðulausu og má í raun segja að siglt sé undir fölsku flaggi miðað við heiti frumvarpisins.

Flest ef ekki öll íslensk fyrirtæki, sem selja vöru eða þjónustu með afborgunarkjörum eru ekki að reka eigin vaxtastefnu við gerð lánsamninga. Þau skipta við banka, sparisjóð eða fjármögnunarfyrirtæki, sem lánsamningarnir eru framseldir til, m.ö.o. fjármagnaðir af. Ekki sýndist óeðlilegt að í lögum um neytendalán væru einhver ákvæði um samskipti fjármögnunaraðila og söluaðila vegna neytendalána. Þannig mætti m.a. draga úr möguleikum á rangri upplýsingagjöf verslunarfólks.

Um gildissvið laganna:

Svo virðist sem gildissvið laganna hafi vafist fyrir höfundum frumvarpsins. Gengið er langt út fyrir þann ramma sem settur er í tilskipun EB, án þess þó að það sé skýrt orðað í fyrirhugudum lagatexta. Gera verður ráð fyrir að grunnhugsunin hafi verið að semja frumvarp til laga um neytendalán. Þannig er ekki getið um að lögin skuli ná til banka, sparisjóða, fjármögnunar- eða greiðslukorta- fyrirtækja, þó svo að ekki verði séð að þessar stofnanir séu allar beinlínis undanþegnar. Þá er ekki auðvelt að koma auga á gildi þess að lögin nái til lánsamninga sem gerðir eru milli fyrirtækja í atvinnuskyni.

Lagt er til að lögin nái einungis til lánsamninga sem gerðir eru milli fyrirtækja sem selja vöru og/eða þjónustu beint til neytenda. Það gildissvið fullnægir ágætlega tilskipunum EB og tilgangi lagasetningarinnar.

Ýmis atriði:

Vert er að benda á tvö atriði af fjölmörgum sem verður að lagfæra án tillits til gildissviðs laganna.

Ekki er í frumvarpinu minnst á stimpilgjöld né önnur opinber gjöld. Teljast þau þó væntanlega hluti heildarkostnaðar við lánsamninga sem eru stimpilskyldir. Lánsamningar án vaxta- og annars kostnaðar eiga að vera undanþegnir lögunum, skv. frumvarpinu. Hvað ef þeir eru stimpilskyldir engu að síður?

Vegna endurgreiðslu kostnaðar ef til þess kemur að neytandi vilji greiða lánsamning upp fyrir gjalddaga verður að koma skýrt fram, að t.d. stimpilgjald er ekki afturkræft, svo og að kostnaður sem er áfallinn fyrir uppgreiðslu lánsamningsins verði ekki endurgreiddur.

Lokaorð:

Verði lögin einfaldari og markvissari en fyrirbyggjandi frumvarp og fjalli eingöngu um neytendalán eins og heiti þess ber með sér verður ekki séð að það breyti verulega þeim aðferðum sem VISA ÍSLAND beitir nú þegar vegna milligöngu um neytendalán, þ.e. Raðgreiðslna VISA og bæri því að fagna slíkri löggjöf.

VISA ÍSLAND veitir nú þegar, án lagaskyldu, hlutadeigandi aðilum allar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi Raðgreiðslur. Þá veita söluaðilar, bankar og sparisjóðir neytendum einnig upplýsingar um Raðgreiðslur VISA og kostnað við slíka lánsamninga. Í lögunum yrðu þó væntanlega notuð ný hugtök eins og t.d. hlutfallstala kostnaðar. Ekki verður séð að það orsakaði erfiðleika að reikna hana og gefa upp þegar þess væri óskað.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi verður ekki séð að lagðar séu neinar skyldur á VISA ÍSLAND, þar sem VISA ÍSLAND gerir ekki "lánsamninga við lántakanda", heldur veitir seljendum og korthöfum þjónustu um útreikning og sjálfvirkar millifærslur greiðslna eins og áður er lýst.

Það hlýtur að vera eitt af markmiðum stjórnvalda með setningu löggjafar á þessu sviði að atvinnurekstur standi ekki hallari fæti gagnvart ört harðnandi samkeppni erlendis frá en áður, þrátt fyrir að réttar hins almenna neytanda sé gætt með eðlilegum hætti.

Virðingarfyllst,

F.h. VISA ÍSLANDS - GREIÐSLUMIÐLUNAR hf.,



Leifur Steinn Elfsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri.